

Stefnumótunar- og þróunardeild
Skrifstofa menntamála
Mennta- og meningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
105 Reykjavík

Til þeirra er málið varðar

Reykjavík, 30. apríl 2011

Efni: Athugasemdir við ný drög að almennum hluta aðalnámskrá grunnskóla birt 13. apríl 2011

Við athugun á nýjum drögum að almennum hluta aðalnámskrárinnar kemur í ljós að það stendur síðfræði í viðmiðunarstundarskrá ekki heimspeki, en við það viljum við gera alvarlega athugasemd.

Eins og stendur á síðu Heimspekideildar Háskóla Íslands þá lætur heimspekin sér ekkert óviðkomandi¹. Heimspekin snýst um það að hugsa og spyrja fyrst og fremst, heimspeki er í raun sjálf þekkingarleitinn og hefur því mikilvægt almennt gildi svipað og móðurmálið. Síðfræðin er aftur á móti ein af undirgreinum heimspekinnar eins og einnig má lesa um á síðu Heimspekideildar Háskóla Íslands².

Vinnubrögðin sem ástunduð eru í heimspeki geta komið nemendum til góða nær hvar sem er í lífi og starfi óháð því úr hvaða umhverfi nemendur koma og við hvaða aðstæður þeir búa. Heimspekin eykur hæfni þeirra til að greina og gagnrýna umhverfi sitt sem hvað annað og þeir þjálfast í að hlusta, halda sig við efnið, standa fast á staðhæfingum sínum en líka færa rök fyrir máli sínu. En reynslan hefur sýnt að það þarf að koma heimspekinni fyrir í sjálfri stundaskránni og námskránni eigi hún að gagnast innan skólanna³.

Innihald aðalnámskrár grunnskólanna er eðlilega ætlað að vera leiðandi fyrir komandi kynslóðir. Á þeim tímum sem við nú erum að ganga í gegnum hér á landi er brýn þörf á, ekki bara umræðu um ákveðin síðferðileg atriði, heldur almennri gagnrýninni rökfastri hugsun sem lætur sér ekkert óviðkomandi, þannig að nemendur styrki sem best sjálfstæða hugsun sína og burði til þátttöku í lýðræðissamfélagi.

¹http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/sagnfraedi_og_heimspekideild/nam/heimspeki

²http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/sagnfraedi_og_heimspekideild/nam/vidfangsefni_heimspekinnar

³ Børresen, Beate. 2006. ?Philosophy in Norwegian Schools?. Sophia Euro-pean Foundation for the Advancement of Doing Philosophy with Children. <http://sophia.eu.org/Phil%20in%20Nor%20Schools.htm>

Ef þrátt fyrir ábendingar okkar hér fyrir framan er ekki talið rétt að setja heimspeki í stað siðfræði í viðmiðunarstundaskrána í hinum nýju drögum, þá krefjumst við þess að fá að vita rök og skýringar þar að lútandi.

Siðfræði er ekkert annað en siðfræðileg heimspeki sem lýtur að siðlegri hegðun. Hún hefur það hlutverk að rannsaka siðferðilegt inntak gilda og markmiða. Siðferðileg heimspeki seilist inn á svið góðs og ills og reynir að komast að því hvað sé rétt og hvað sé rangt og hvaða hegðun sé lofsverð eða ámælisverð á grundvelli bestu fánlegu raka.

Varhugavert er að rjúfa tengsl siðfræðinnar við heimspekilegt eðli sitt, ef að sú er hugsunin í nýju námskránni.

Fyrir hönd námskrárnefndar Félags heimspekikennara

Björn Rúnar Egilsson, egilsson@gmail.com
Elsa Haraldsdóttir, elh13@hi.is
Kristín Hildur Sætran, khsaetran@gmail.com